

Ár 2010, fimmtudaginn 11. mars kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Birkir Sveinsson í forföllum Eyþór H. Ólafssonar, Herdís Þórðardóttir, Róbert Hlöðversson og Steinar Rafn Garðarsson.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Varaforseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

- 1.1. Bæjarráðs frá 4. mars 2010.
- 1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars 2010.
- 1.3. Fræðslunefndar frá 25. febrúar 2010.
- 1.4. Velferðarnefndar frá 2. mars 2010.
- 1.5. Kjörstjórnar frá 2., 5. og 6. mars 2010.

2. Aukaaðalfundarboð hjá Sorpstöð Suðurlands.

3. Fundargerðir til kynningar;

- 3.1 Bæjarstjórnar frá 25. febrúar 2010.

Hér var gengið til dagskrár

1. Fundagerðir;

1.1. Bæjarráðs frá 4. mars 2010

Eftirtaldir tóku til máls: Herdís, Aldís, Unnur, Steinar og Guðmundur.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

1.2. Skipulags- og byggingarnefndar frá 2. mars 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur, Róbert og Aldís.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.3. Fræðslunefndar frá 25. febrúar 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur, Birkir, Aldís, Guðmundur, Herdís og Róbert.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun vegna liðar 2, skýrsla skólastjóra.

Það er gleðilegt að sjá að skólastjóri telur að skólastarf sé enn í góðu lagi þrátt fyrir hagræðingu í rekstri á ýmsum sviðum. Meirihluti bæjarstjórnar hefur ávallt lagt sig fram um að hér séu reknir öflugir leikskólar og að grunnskólinn sé ávallt í fremstu röð. Það teljum við að hafi tekist þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að fjárhagslegt umhverfi sveitarfélaga í landinu krefst þess að haldið sé fast utan um hverja krónu.

Framlög til skólastarfs hafa ávallt verið í forgangi sem sést best á því að ef framlög til grunnskólans eru skoðuð þá hefur framlagið hækkað að meðaltali um 9,6% á ári frá árinu 2005. Á sama tíma nemur meðaltalshækkun neysluverðsvísitölu 9,63%. Nemendum hefur aftur á móti fækkað um 53 eða um tæp um 8,7% frá því sem mest var (2008) á meðan að stöðugildum við skólann hefur fjölgað um 8% frá 2006.

Þessum staðreyndum er rétt að halda til haga um leið og meirihluti bæjarstjórnar þakkar starfsmönnum skólans það góða starf sem þar fer fram og þá jákvæðni sem ríkt hefur undanfarið þrátt fyrir erfitt umhverfi sem óhjákvæmilega kemur niður á rekstri Hveragerðisbæjar eins og annarra sveitarfélaga.

Unnur Þormóðsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Birkir Sveinsson.

Kl. 17:30 var gert fundarhlé.

Kl. 17:56 hélt fundur áfram.

Fulltrúar minnihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Minnihlutinn þakkar stjórnendum og starfsfólki grunnskólans og leikskólanna vel unnin störf við erfiðar aðstæður. Í ljósi þess hve mikilvægt gott skólastarf er fyrir samfélagið þarf að stilla kröfum um frekari aðhaldsaðgerðir í hóf.

Herdís Þórðardóttir.
Róbert Hlöðversson
Steinar R. Garðarsson.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.4. Velferðarnefndar frá 2. mars 2010.

Eftirtaldir tóku til máls: Herdís og Unnur.

Fundargerðin samþykkt samhljóða

1.5. Kjörstjórnar frá 2., 5. og 6. mars 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

2. Aukaaðalfundarboð hjá Sorpstöð Suðurlands.

Lagt fram fundarboð á aukaaðalfund hjá Sorpstöð Suðurland sem halda skal á Hótel Selfossi 22. mars n.k. kl. 13:00. Hveragerðisbær á einn fulltrúa að aðalfundum Sorpstöðvar.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur, Róbert, Herdís, Aldís og Guðmundur.

Meirihluti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að umhleðslustöð verði komið upp samanber tillögur sem kynntar voru aðildarsveitarfélögum Sorpstöðvar Suðurlands þann 4. febrúar s.l., enda verði tillagan samþykkt af meginþorra annarra aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvarinnar. Gengið er útfrá því að ein samræmd gjaldskrá verði látin gilda fyrir öll aðildarsveitarfélögin. Bæjarstjórn tilkynnir einnig að endurvinnanlegum efnum frá Hveragerðisbæ mun ekki verða skilað til umhleðslustöðvar þar sem þau fara í annan farveg en heimilssorpi mun að öllum líkindum verða skilað til stöðvarinnar. Þó bendir bæjarstjórn á að gjaldskrá liggur enn ekki fyrir og því verður endanleg ákvörðun um farveg úrgangs til urðunar tekin þegar hún liggur fyrir. Bæjarstjórn bendir jafnframt á þann möguleika að rekstur umhleðslustöðvar verði boðinn út enda væri það eðlilegt meginmarkmið Sorpstöðvar Suðurlands að eiga aðstöðuna en bjóða út reksturinn.

Unnur Þormóðsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Birkir Sveinsson.

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum meirihlutans, minnihlutinn sat hjá með eftirfarandi bókun.

Minnihlutinn styður heilshugar að umhleðslustöð verði komið upp samkvæmt tillögum frá aðildarsveitarfélögum sorpstöðvar Suðurlands. Minnihlutinn hvarmar þó að meirihlutinn hafi kosið að kljúfa sig frá samstarfinu við Sorpstöð Suðurlands á fyrra ári. Minnihlutinn barðist fyrri því þá að sorphirðing hér í bæ yrði boðin úr en því var alfarið hafnað og einum aðila rétt vekið. Hann er því umhugsunarverður sá umsnúningur meirihluta sjálfstæðismanna að telja það nú eðlilegt meginmarkmið að bjóða út rekstur umhleðslustöðvar Sorpstöðvar Suðurlands.

Herdís Þórðardóttir.
Róbert Hlöðversson
Steinar R. Garðarsson

Kl. 18:17 var gert fundarhlé.

Kl. 18:27 hélt fundur áfram.

Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi bókun.

Meirihluti bæjarstjórnar furðar sig á fullyrðingum um að Hveragerðisbær hafi klofið sig frá samstarfinu um Sorpstöð Suðurlands enda er Hveragerðisbær fullgildur aðili að henni og bæjarstjóri undanfarið setið þar þónokkra stjórnarfundu. Enn og aftur kemur minnihlutinn fram með yfirlýsingar um samning um sorphirðu án útboðs þegar staðreynd máls er sú að þar var um viðauka við gildandi sorphirðusamning að ræða.

Meirihluti bæjarstjórnar er stoltur af framlagi íbúa sveitarfélagsins til umhverfismála en með mikilli og góðri þátttöku þeirra hefur Hveragerðisbær nú skipað sér í fremstu röð í flokkun sorps á landinu.

Unnur Þormóðsdóttir
Aldís Hafsteinsdóttir

Guðmundur Þór Guðjónsson
Birkir Sveinsson.

3. Fundargerðir til kynningar;

3.1. Bæjarstjórnar frá 25. febrúar 2010.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:33

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Herdís Þórðardóttir

Birkir Sveinsson, (sign).

Róbert Hlöðversson, (sign).

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Steinar Rafn Garðarsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Helga Kristjánsdóttir, (sign).